

FUNDARGERÐ

135. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 17. október 2006 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt Láru Oddsteinsdóttur sem mætir í stað Bergþóru Ástþórsdóttur.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn.

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri ásamt Hjördísi Rut Jónsdóttur leikskólakennaranema.

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að launaliður verði um 1 millj.kr hærri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir.

2. Dagur íslenskrar tungu.

Með bréfi dags. 3. október 2006 minna Menntamálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á dag íslenskrar tungu 16. nóvember.

Í tilefni dagsins verður unnið með þjóðsöguna um Kötlu.

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál.

a) Bréf leikskólastjóra dags. 13. október 2006 þar sem óskað er eftir samþykki fræðslunefndar fyrir að frá og með 1. janúar 2007 verði starfandi deildarstjórar á yngri og eldri deild leikskólans.

Lagt fram til kynningar og vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

b) Samkvæmt erindisbréfi fræðslunefndar á fulltrúi starfsmanna leikskólans seturétt á fundum nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Aðalheiður og Hjördís yfirgefa fundinn.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

Formaður býður Kristinn velkominn til starfa hjá Mýrdalshreppi.

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Viðstaddir undirrita trúnaðaryfirlýsingu s.b.r.erindisbréf fræðslunefndar

2. Skóladagatal.

Fram lagt skóladagatal tónskólans sem samræmt er skóladagatali grunnskólans. Gert er ráð fyrir jólatónleikum 14. desember, prófaviku síðast í apríl og vortónleikum 14. og 15. maí.

Framlagt skóladagatal samþykkt.

3. Nemendaskráning og starfsmannamál.

Í tónskólann eru skráðir 48 nemendur þar af 27 í einstaklingsnámi.

Kristinn telur æskilegt að áhugasamir nemendur í 2 og 3 bekk fái kost á kennslu í smærri hópum td.tvö og tvö saman. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

4. Tímasetning funda.

Þriðjudagar eftir 16:20 henta tónskólastjóra.

5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að áætlun verði innan ramma fyrri áætlunar.

6. Önnur mál.

a) Kristinn upplýsir að von sé á fréttabréfi Tónskólans á næstunni.

III. Grunnskólinn.

Á fundinn er mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Skólanámsskrá.

Fyrir liggur námshluti skólanámsskrár. Umfjöllun foreldraráðs hefur ekki borist. Fræðslunefnd samþykkir námshluta skólanámsskrár.

2. Haustskýrsla skóla.

Fyrir liggur haustskýrsla skóla. Fræðslunefnd samþykkir haustskýrslu.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að launaliður verði um 2 millj.kr. hærri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir og aðrir liðir um 0,5 millj. kr. hærri.

4. Dagur íslenskrar tungu.

Með bréfi dags. 3. október 2006 minna Menntamálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Kolbrún upplýsir að fyrirhugað sé að tengja daginn 100 ára afmæli skólans og setja upp sýningu um skólahald. Eins og áður er gert ráð fyrir kaffihúsakvöldi og upplestri.

5. Afmælishátíð.

Kolbrún kynnir fyrirhugaða afmælishátíð.

6. Önnur mál.

a) Kolbrún kynnir verkefnið Uppeldi til ábyrgðar.

Kolbrún yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:15

Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Lára Oddsteinsdóttir
Guðný Sigurðardóttir	Sveinn Pálsson Sveitarstjóri	Andrína Erlingsdóttir